

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Akureyrarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi, Naustahverfi, svæði norðan Tjarnarhóls, Heiðartún 1-3-5.

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 14. september 2011 í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Heiðartún 1-3-5. Breytingin felur í sér að lóðir við Heiðartún nr. 1, 3 og 5 stækka til vesturs um 3 m, inn á svæði þar sem áður var gert ráð fyrir göngustíg og grenndarvelli að hluta til.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi, Fosshlíð-Mánahlíð-Barmahlíð, Sunnuhlíð 11.

Skipulagsnefnd Akureyrarkaupstaðar hefur þann 14. september 2011 í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkt deiliskipulagsbreytingu fyrir Sunnuhlíð 11. Breytingin felur í sér að byggingarreitur lóðarinnar stækkar til norðurs um 0,35 m vegna fyrirhugaðrar viðbyggingar.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarkaupstaðar, 19. september 2011,

Arnar Birgir Ólafsson,
verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfud.: 3. október 2011